

Svar

**háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn
frá Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur um kostnað
vegna fjar- og staðnáms á háskólastigi.**

1. *Hve margir nemendur voru skráðir í nám í háskólum landsins á haustönn 2022? Svar óskast sundurliðað eftir skólum, deildum og hvort nemendur voru í fjar- eða staðnámi.*

Fjöldi skráðra nemenda í háskólum haustið 2022 var alls 21.613.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda skráðra nemenda haustið 2022 eftir háskólum, heildarfjölda kenndra námskeiða og fjölda námskeiða sem hægt var að taka í fjarnámi. Aftast er síðan fjöldi nemenda eftir skólum sem tóku a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi sl. haust. Nemendur í framhaldsnámi eru ekki meðtaldir.

	Heildarfjöldi skráðra nemenda haustið 2022.	Fjöldi námskeiða haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022, sem hægt var að taka í fjarnámi.	Hlutfall	Fjöldi skráðra nemenda sem tóku a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi haustið 2022.	Hlutfall
Háskóli Íslands	13.554	1.331	211	15,9%	1.804	13,3%
Háskólinn Akureyri	2.538	187	187	100,0%	1.964	77,4%
Háskólinn á Bifröst	804	119	119	100,0%	804	100,0%
Háskólinn Hólum – Hólaskóli	185	73	49	67,1%	145	78,4%
Háskólinn í Reykjavík	3.493	380	27	7,1%	428	12,3%
Landbúnaðarháskóli Íslands	397	97	47	48,5%	275	69,3%
Listaháskóli Íslands	642	423	0	0,0%	0	0,0%
Alls	21.613	2.610	640	-	5.420	25,1%

Eftirfarandi tafla sýnir sömu upplýsingar en hér niðurbrotið á deildir háskólanna.

	Heildarfjöldi skráðra nemenda haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022, sem hægt var að taka í fjarnámi.	Hlutfall	Fjöldi skráðra nemenda sem tóku a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi haustið 2022.	Hlutfall
Háskóli Íslands						
Félagsvísindasvið						
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild	698	63	39	61,9%		
Félagsráðgjafardeild	677	25	2	8,0%		
Hagfræðideild	192	19		0,0%		
Lagadeild	435	30		0,0%		
Stjórnmálafræðideild	669	46	15	32,6%		
Viðskiptafræðideild	1.038	71		0,0%		
Heilbrigðisvísindasvið						
Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild	820	67		0,0%		
Lyfjafræðideild	159	25		0,0%		
Læknadeild	1.015	117	6	5,1%		
Matvæla- og næringarfræðideild	185	21		0,0%		
Sálfraðideild	604	31		0,0%		
Tannlæknadeild	189	57	3	5,3%		
Hugvísindasvið						
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði	428	56	3	5,4%		
Guðfræði- og trúarbragðafraðideild	53	15		0,0%		
Íslensku- og menningardeild	1.033	96		0,0%		
Mála- og menningardeild	678	136	24	17,6%		
Menntavísindasvið						
Deild faggreinakennslu	669	66	49	74,2%		
Deild heilsueflingar, íþróttu og tómstunda	446	51	15	29,4%		
Deild kennslu- og menntunarfræði	903	38	26	68,4%		
Deild menntunar og margbreytileika	746	36	27	75,0%		

	Heildarfjöldi skráðra nemenda haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022, sem hægt var að taka í fjarnámi.	Hlutfall	Fjöldi skráðra nemenda sem tóku a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi haustið 2022.	Hlutfall
Verkfræði og náttúruvísindasvið						
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	776	59		0,0%		
Jarðvísindadeild	168	19		0,0%		
Líf- og umhverfis-vísindadeild	315	73	2	2,7%		
Rafmagns- og tölvu-verkfræðideild	143	31		0,0%		
Raunvísindadeild	366	67		0,0%		
Umhverfis- og bygg- ingarverkfræðideild	149	16		0,0%		
Alls	13.554	1.331	211	15,9%	1.804	13,3%

Háskólinn Akureyri						
Framhaldsdeild heil-brigðisvísinda	224	17	17	100,0%		
Hjúkrunarfræðideild	347	16	16	100,0%		
Iðjuþjálfunarfræðideild	137	15	15	100,0%		
Félagsvísindadeild	367	28	28	100,0%		
Kennaradeild	422	37	37	100,0%		
Lagadeild	146	14	14	100,0%		
Sálfræðideild	277	15	15	100,0%		
Auðlindadeild	217	21	21	100,0%		
Viðskiptafræðideild	401	24	24	100,0%		
Alls	2.538	187	187	100,0%	1.964	77,4%

Háskólinn á Bifrost						
Félagsvísindadeild	176	34	34	100,0%		
Lagadeild	102	23	23	100,0%		
Viðskiptadeild	410	42	42	100,0%		
Háskólagátt	47	18	18	100,0%		
Endurmenntun – Opið nám	48	2	2	100,0%		
Skiptinemar	21					
Alls	804	119	119		804	100,0%

	Heildarfjöldi skráðra nemenda haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022.	Heildarfjöldi námskeiða haustið 2022, sem hægt var að taka í fjarnámi.	Hlutfall	Fjöldi skráðra nemenda sem tóku a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi haustið 2022.	Hlutfall
--	---	---------------------------------------	--	----------	---	----------

Háskólinn Hólum – Hólaskóli

Ferðamáladeild	81	28	28	100%		
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	49	21	21	100%		
Hestafraðideild	55	24	0	0		
Alls	185	73	49	67,1%	145	78,4%

Háskólinn í Reykjavík

Frumgreinadeild	79	13				
Iðn- og tæknifræðideild	508	76	26			
Íþróttarfræðideild	173	30				
Lagadeild	321	36				
Sálfraðideild	336	45				
Tölvunarfræðideild	763	50	1			
Verkfræðideild	710	69				
Viðskiptadeild	603	61				
Alls	3.493	380	27	7,1%	428	12,3%

Landbúnaðarháskóli Íslands

Ræktun og fæða	82	20	14	70,0%		
Náttúra og skógur	181	27	18	66,7%		
Skipulag og hönnun	71	22	7	31,8%		
Starfsmenntanám	63	28	8	28,6%		
Alls	397	97	47	48,5%	275	69,3%

Listaháskóli Íslands

Arkitektúrdeild	72	19	0	0,0%		
Hönnunardeild	128	64	0	0,0%		
Kvikmyndalistadeild	12	8	0	0,0%		
Listkennsludeild	76	39	0	0,0%		
Myndlistardeild	117	58	0	0,0%		
Sviðslistardeild	75	34	0	0,0%		
Tónlistardeild	162	201	0	0,0%		
Alls	642	423	0	0,0%	0	0,0%

2. *Hver var kostnaður Háskóla Íslands á hvern nemanda í fjarnámi samanborið við hvern nemanda í staðnámi á árunum 2012–2022?*

Framlög til kennslu og rannsókna á háskólastigi eru ákvörðuð í samræmi við reglur um fjárveitingar til háskóla nr. 646/1999, öðru nafni reiknilíkan háskóla, og árlega uppfærslu þess í fjárlögum hvers árs, og samninga við háskóla skv. 21. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Reiknilíkan háskóla gegnir þrenns konar hlutverki: Í fyrsta lagi að meta kostnað við rekstur skólanna og fjárveitingar til þeirra. Í öðru lagi að skipta því fé sem fjárveitingavaldið veitir til skólanna og tryggja jafnræði þeirra. Loks er reiknilíkanið hugsað sem stjórntæki til að efla eða draga úr stuðningi við tiltekin fagleg, fjárhagsleg eða pólitisk markmið, bæði almenn og sértæk. Upphæðir kennsluframlaga til hvers skóla eru ákvarðaðar samkvæmt eftirtöldum forsendum:

- Einingaverð reikniflokka. Námsgreinum í háskólum er nú skipt niður á fimmtán reikniflokka. Einingaverð í hverjum flokki byggist að hluta til á almennum forsendum en einnig er tekið tillit til fyrrkomulags náms í hverjum reikniflokki fyrir sig.
- Fjöldi ársnemenda. Við útreikning á kennsluframlögum til hvers skóla er hafður til hliðsjónar fjöldi ársnemenda síðustu ára og yfirstandandi árs. Ársnemandi er sá sem gengur til prófa í 60 ECTS-einingum á almanaksári.
- Brautskráningarframlög. Háskólar fá greidd brautskráningarframlög á grundvelli fjölda brautskráninga. Útreikningur framlaganna miðast við einingaverð, sem eru misjöfn eftir námsgráðum, og meðalfjölda brautskráninga tveggja síðustu ára í hverjum skóla.

Verðflokkar án frádráttarliða	Verð þús. kr.	Verðhlutfall
Aðfararnám að námi á háskólastigi	900,4	0,9
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði, lögfræði og annað hliðstætt nám	993,9	1,0
Nám á sviði tölvunarfræði stærðfræði og annað hliðstætt nám	1.326,50	1,3
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu	1.383,70	1,4
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem felst m.a. í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga	1.772,10	1,8
Nám í raunvísindum verk- og tæknifr. sem krefst verkl. æfinga og sérhæfðs bún.	1.838,60	1,8
Læknisnám sem felst m.a. í verkl. æfingum notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun	2.529,40	2,5
Nám í tannlækningum	3.750,50	3,8
Listnám – myndlist	2.538,60	2,6
Listnám – danslist	2.976,20	3,0
Listnám – tónlist	3.060,70	3,1
Listnám – leiklist	4.931,10	5,0
Listnám – hönnun og arkitektúr	2.132,70	2,1
Hestafræði í Hólaskóla – Háskólanum á Hólum	2.362,40	2,4
Starfsmenntanám í Landbúnaðarháskóla Íslands	2.234,90	2,2

Eins og fyrr segir miðast framlög til háskóla við tiltekinn fjölda ársnema í hverjum reikniflokki í reiknilíkani. Að baki ígildi eins ársnema geta verið 2–3 einstaklingar í mismunandi hlutfalli náms.

Í samræmi við framangreindar forsendur eru framlög til háskólanna ákveðin með eftirfarandi hætti.

Ársnemendur	HÍ	HA	LBHÍ	Hólar	Bifrost	HR	LHÍ	Fjárlaga-frv. 2023	Fjárlög 2022
Aðfararnám					39	129		168	181
Félags- og mannvísindi	4.537	731		100	560	1.037		6.965	7.147
Tölvufræði og stærðfræði	385					557		942	914
Kennaranám o.p.h.	2.090	329				147	57	2.623	2.626
Hjúkrunarfræði	819	483						1.302	1.272
Verkfræði	1.659	137	148	54		909	20	2.927	2.928
Læknisfræði	410							410	410
Tannlækningar	82							82	77
Listnám – myndlist							100	100	100
Listnám – danslist							25	25	25
Listnám – tónlist							122	122	122
Listnám – leiklist							20	20	20
Listnám – hönnun og arkitektúr			90				169	259	249
Hestafræði				65				65	67
Starfsmenntanám			198					198	205
Fjárlagafrumvarp 2023	9.982	1.680	436	219	599	2.779	513	16.208	16.343
Fjárlög 2022	10.053	1.713	436	230	596	2.801	514	16.343	
Meðalverðhlutfall 2023	1,4	1,4	2,1	1,6	1,0	1,4	2,5		

Fjárveitingar til háskólanna eru ákveðnar í heildartölum á grundvelli fjárhheimilda í fjárlögum. Hjá einstökum háskólum er fjárveitingunni skipt niður milli fræðasviða og deilda eftir svonefndu innra deililíkani háskóla en ekki eftir einstökum nemendum. Til að svara fyrir-spurninni var leitað upplýsinga hjá Háskóla Íslands. Í svörum háskólans kom fram að ekki væri haldið bókhald um kostnað við hvern nemanda og því ekki fyrirliggjandi upplýsingar um kostnað af fjarnámsnemendum sérstaklega. Hvorki í reiknilíkani háskóla né í innra deililíkani Háskóla Íslands er gerður greinarmunur á staðkennslu eða fjarkennslu. Núna stendur yfir endurskoðun á reiknilíkani háskóla og verður m.a. hugað að kostnaðargreiningu náms miðað við kennsluform. Stefnt er að því að nýtt reiknilíkan komist í gagnið við ákvörðun fjárveitinga til háskóla frá og með árinu 2025.

3. *Hvaða aðgerðir sér ráðherra fyrir sér að hægt verði að ráðast í til að auka enn frekar framboð á fjarnámi á háskólastigi?*

Ráðuneytið leggur áherslu á fjölgun tækifæra og eflingu atvinnulífs um land allt m.a. með góðu aðgengi fólks að háskólanámi í sinni heimabyggð. Í drögum að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, sem nú er í samráðsgátt, er að finna í aðgerð 1.8 áherslu á aukið fjarnám. Í greinargerð með tillögumni kemur m.a. fram að öflugt fjarnám við helstu menntastofnanir landsins er tryggasta leiðin til þess að tryggja jöfn tækifæri óháð búsetu. Samhliða einstaklingsmiðuðu fjarnámi þurfi að leggja ríka áherslu á samskipti nemenda til að fjarnámsnemar upplifi sig sem hluta af samfélagi og fái tækifæri til að þroskast og læra af samnemendum sínum.

Ráðuneytið er með samninga við þekkingarsetur vítt um land sem bjóða háskólanemendum þjónustu, þ.m.t. námsráðgjöf, vinnuaðstöðu og prófaþjónustu. Auk meginstarfsstöðva þekkingarsetranna eru þau mörg með starfsstöðvar víða hvert á sínu starfssvæði sem m.a. eru nýtt í þessum tilgangi. Til viðbótar hefur ráðuneytið greitt átta símenntunarstöðvum og fræðsluaðilum sérstakt framlag til að standa að hluta undir þjónustu þessara aðila við háskólanemendur. Próftökur ársins 2022 eru áætlaðar hafa verið 4.500 talsins. Nú stendur fyrir dyrum að endurnýja samninga við þekkingarsetur og verður þá þessari sérstöku þjónustu þeirra við háskólanemendur gerð sérstök skil. Unnið er að framtíðarfyrirkomulagi á fjármögnum þjónustu fræðslu- og símenntunarstöðva við háskólanemendur og eru bundnar vonir við að það muni geta gerst samhliða samningsgerð við þekkingarsetrin.

Í verkefninu Samstarf háskóla var sérstaklega horft til möguleika á auknu námi óháð staðsetningu. Alls fengu 18 verkefni styrk með það að markmiði að auka framboð fjarnáms. Þar á meðal eru eftirfarandi þrjú verkefni, þ.e. sameiginlegt átak í íslenskukennslu, fjölgun fagmenntaðs leikskólastarfsfólks með eflingu fjarnáms og öflugra tækninám á Norðurlandi.

Tæknilausnir nýttar til eflingar fjarnáms í íslensku.

Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst taka höndum saman í verkefni sem snýr að átaki í íslensku, m.a. með fjarnámi, sem ætlað er að styrkja stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Unnið verður að þróun og innleiðingu lausna til að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur og tæknilausnir verða nýttar til að stórefla fjar-nám í íslensku. Þá er ætlunin að auka markvissa málörvun barna í skólakerfinu.

Innra starf leikskóla aukið með fjarnámi í leikskólafræðum.

Sérstök áhersla er lögð á fjarnámsmöguleika í tveggja ára hagnýtu námi í leikskólafræði sem skipulagt er samhliða starfi en verkefnið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Markmið námsins er að fylgja menntuðum leikskólakennurum og efla þannig innra starf leikskólanna með því að bjóða starfsfólk sem ekki hefur lokið framhaldsskólanámi sérsniðið nám sem getur orðið brú yfir í háskólanám. Gert er ráð fyrir að námið verði í boði frá og með hausti 2023 en viljayfirlýsing um verkefnið var undirrituð haustið 2022.

Öflugt tækninám á Norðurlandi.

Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri hyggjast setja á laggir grunnán í iðnaðar- og orkutæknifræði fyrir tæknifræðinga á Akureyri og hefst námið strax næsta haust. Námið styður við atvinnulíf á Norðurlandi og með því gefst nemendum tækifæri til að stunda nám í tæknifræði í heimabyggð en fullgilt tæknifræðinám er nú þegar kennt við Háskólan í Reykjavík.

Meðal annarra samstarfsverkefna háskólanna sem styðja við nám óháð staðsetningu eru til að mynda nýtt meistaránám í netöryggi, möguleiki á að taka námskeið á meistarastigi við fleiri en einn háskóla samtímis, sameiginlegt meistaránám í heilsugæsluhjúkrun og uppsetning aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar á sviði næstu kynslóða matvæla- og fóðurpróteina ásamt samhliða uppbyggingu náms á því sviði.